

Vinabæjarheimsókn 2005 til Moss í Noregi

Afrísk tónlist

Frá Blönduósi fóru tvö ungmenni, Elva Björk Harðardóttir (21. árs) og Greta Björg Lárusdóttir (24. ára) ásamt einum leiðbeinanda, Hugrónu Sif Hallgrímsdóttur.

Horsens (Danmörku) – 10 þátttakendur – 2 leiðbeinendur

Karlstad (Svíþjóð) – 10 þátttakendur – 2 leiðbeinendur

Nokia (Finnlandi) – 7 þátttakendur – 2 leiðbeinendur

Moss (Noregi) – 10 þátttakendur – 2 leiðbeinendur

Lagt var af stað frá Leifsstöð þann 27. júní 2005. Flogið var til Osló og var stefnan að taka rútu til Moss en vegna seinkunar á fluginu okkar misstum við af rútnni. Í stað þess kynntum við okkur lestarerfið og tókum lest til Moss. May-Lis einn af stjórnendum og leiðbeinendum mótsins kom síðan og sótti okkur á lestarstöðina. Hún ók okkur á gististaðinn okkar, Refsnesskóla, og þar sem við vorum fyrstar á staðinn höfðum við góðan tíma til að koma okkur vel fyrir og skoða umhverfi í kringum okkur.

Þátttakendur mættu á svæðið einn af öðrum og þegar allir voru komnir hittumst við öll í tónmenntastofu skólans og kveiktum á svokölluðum “ólympíueldi”. Þessi athöfn er orðin hefð svona sem opunarathöfn en fær þá mótshaldari næsta árs í hendurnar kertastjaka sem við kveiktum á.

Morguninn eftir, þriðjudagsmorgun, kynntu ungmennin og leiðbeinendur sig og héldu fulltrúar fyrir hvern bæ ca 10 mín. kynningu á heimabæ sínum. Við stöllum frá Blönduósi komum vel undirbúnar til leiks og kynntum bæinn okkar í máli og myndum. Við nýttum okkur tækni nútímans og héldum “powerpoint”.

Þema mótsins var afrísk tónlist og einnig var leiklist (drama) hluti af dagskránni. Fengnir voru tveir kennarar frá Zimbabwe, sem höfðu starfað við kennslu í afrískri

tónlist í Noregi í eitt ár. Þetta var þeirra síðasta verkefni áður en þeir héldu til Zimbabwe á nýjan leik. Einnig var leiðbeinandi frá Noregi sem kenndi okkur leiklist (drama).

Fyrstu þrjá dagana var hópnum skipt í þrjá hópa og unnu hóparnir á þremur mismunandi stöðum (workshops):

- 1) Afrískir dansar og trommur
- 2) Marimbur (afrískt hljóðfæri)
- 3) Leiklist

Hver hópur fór á allar stöðvar, alla dagana, þ.e. að hver hópur fór þrisvar sinnum á hverja stöð. Að loknum þessum þremur dögum var haldin sýning þar sem afrakstur stöðvanna var sýndur. Það er óhætt að segja að sýningin hafi verið mótshöldurum, þátttakendum og leiðbeinendum til mikils sóma og áhorfendur voru mjög hissa á hve góður árangur náðist á aðeins þremur dögum.

Kvöldin, þessa þrjá daga, nýttum við tímann til að kynna betur innbyrðis og fórum við svo eitthvað sé nefnt í garðpartý til eins ungmennisins frá Noregi. Einnig fórum við í heimsókn í félagsmiðstöð í Moss en hún minnti að mörgu leyti á félagsmiðstöð okkar Blönduósinga að því undanskildu að í þessari félagsmiðstöð voru tölur sem unglíngarnir höfðu aðgang að.

Á föstudeginum hélt hópurinn til Moss. Þar skoðuðum við þinghús Norðmanna, ráðhúsið, Nóbelsafnið, en þar eru friðarverðlaun Nóbels að ósk Nobels sjálfs, einmitt afhent á hverju ári, Holmenkollen (heimsfrægan skíðastökkpall) og ýmislegt fleira. Þar fengum við einnig frjálstan tíma sem flestir notuðu til að skoða hvað norskar búðir höfðu uppá að bjóða.

Á laugardeginum fengu allir frjálstan tíma til kl.16 og héldum við þá af stað í bátsferð. Þegar í land var komið var grillað og spjallað. Þegar heim var komið var svo lokaathöfnin. Þar færðum við hvort öðru gjafir. Við færðum þátttakendum merki í barminn og leiðbeinendum færðum við Völuspá. Einnig færðum við Moss kommune bók með íslenskum ævintýrum og álfasögum.

Síðustu kvöldstundina notuðu svo allir til að spjalla saman, skiptast á heimilisföngum og e-mailum og einnig héldum við að gamni keppni á milli landa í körfubolta.

Á sunnudeginum héldum við svo heim á leið. Við vorum komnar ansi snemma á flugvöllinn því flugið okkar var seint að kvöldi til. Við gripum því í spilastokk og létum það ekki trufla okkur að þurfa að bíða á flugvellingum í nokkra klukkutíma.

Skipulag og gestrisni Norðmanna var alveg til fyrirmyndar. Ég leyfi mér að fullyrða að þeir hafi hugsað fyrir öllu og greinilega mikil og góð vinna að baki. Þeir eiga mikið hrós skilið fyrir það hve vel var búið að öllum hlutum. Ekki spillti fyrir að veðurguðirnir léku við hvern sinn fingur, sól og 25-28 stiga hiti alla dagana. Það verður þó að taka fram að þeir leiðbeinendur sem stóðu að mótinu og þeir sem komu með ungmennunum hafa tekið þátt í þessum mótum til fjölda ára og tel ég að reynslan skili gríðarlega miklu. Þetta fólk er farið að þekkjast allt saman mjög vel og það hittist einnig öðru hvoru á veturna til ráðagerða. Það ber að hafa í huga að ferðakostnaður er að sjálfsögðu mestur fyrir okkur Íslendinga þannig að það er ekki endilega raunhæft fyrir okkur að taka þátt í því þegar hist er fyrir utan þessi mót en ég tel að það myndi skila okkur meiru ef sami einstaklingur færi með ungmennin nokkur ár í röð.

Að mínu mati fáum við mjög mikið út úr því að taka þátt í þessum mótum. Helsta markmið mótanna er að ungmennin fái tækifæri til að kynnst fólki á sínum aldri í vinabæjum sínum og það tókst svo sannarlega í þetta skiptið. Ég hef tvisvar sinnum tekið þátt í þessum mótum áður (Moss '98 og Ísland '02) og ég tók sérstaklega eftir því í þetta skiptið hvað hópurinn blandaðist vel. Mér fannst allir leggja sig fram um að kynnst sem flestum og löndin einangruðu sig ekki eins og vill gjarnan gerast. Ég tel að þetta sé að miklu leyti því að þakka að fyrstu þrjá dagana héldu sömu hóparnir sér alltaf á stöðvunum. Þetta gerði það að verkum að hver og einn hópur kynntist rosalega vel innbyrðis því í tónlist og leiklist þarf mikið að eiga mikil samskipti og samvinna skiptir gríðarlega miklu máli.

Í framhaldi af þessu móti setti eitt af ungmennunum upp vefsíðu þar sem við þátttakendurnir erum nú þegar farin að skrifast á og setja inn myndir. Það virðist því ætla að verða framhald á kynnum okkar og vonandi hittumst við sem flest á ný.

Að lokum vil ég segja:

Þetta tækifæri ættu sem flest ungmenni að nýta sér því með þessu móti gefst okkur tækifæri til að eignast nýja vini og fræðast um menningu annarra landa. Þetta er bæði gefandi og lærdómsríkt því oft er hægt að nýta sér hugmyndir og vinnu annarra landa sem innblástur því við lítum öll hlutina frá mismunandi sjónarhornum.

Takk fyrir okkur